

Skólaráðsfundur í Krikaskóla
Haldinn bæði á staðnum og á Google-meet
3. mars 2022 kl. 8:10-8:30

Mættir: Þrúður, Egill, Guðrún Ragna, Ólafía og Rósa

Dagskrá:

1. Foreldrakannanir Skólapúlsins bæði fyrir leik- og grunnskóla kynntar og farið yfir helstu niðurstöður. Umræða um svörin og verkefnið sem framundan er. Vinna innan skólans er hafin við gerð umbótaáætlunar - sérstaklega er áherslan sett á foreldrasamstarfið og endurreisn þess eftir Covid ráðstafanir síðustu 2ja ára. Samræða um hvernig við getum náð að eiga gott samstarf þar sem aðkoma foreldra sé tryggð að skólastarfinu. Rætt um þau samskiptaforrit eða kerfi sem í notkun eru og hvernig þau eru að nýtast í starfi. Þrúður nefndi hugmyndir sínar um samfélagslegt verkefni skóla og samtaka foreldra í Mosfellsbæ sem þarf að virkja inn í þessa hugmyndavinnu. Nú er kjörið tækifæri til að gera eitthvað sérstakt - bæði það sem eftir lifir af þessu skólaári og eins næsta skólaár. Rætt var einnig hvernig foreldrar hafa misst tengsl sín á milli og áhrif þess í skólastarfinu. Aðgengi foreldra að kennurum og starfsfólki skólans hefur ætíð verið mikið og gott - þess vegna varð breytingin líka svo gríðarlega mikil þegar daglegt samtal datt út.
2. Stúlkur í 4. bekk fengu sérstakt hrós vegna umhyggju þeirra fyrir yngri nemendum (6 ára) frá foreldri. Egill tekur að sér að koma því til skila.

Fundargerð skrifaði: ÞH